

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4624477 8545350 bréfsími 4627144

Árið 2003 þriðjudaginn 15.júlí kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 15. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn. Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Umsókn um byggingarleyfi frá Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar, þar sem sótt er um að reisa bjálkahús sem gangnamannaskýli á Hjaltadal, sem er dalur inn af Fnjóskadal. Húsið á að leysa af hólmi eldra skýli sem verður fjarlægð. Lögð verður áhersla á að öllum öryggistækjum verði komið fyrir í húsinu, s.s. reykt- og gasskynjurum ásamt duftslökkvitæki.

Með erindi fylgja teikningar frá ABS teiknistofu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

2. Erindi frá Ingvari Árna Olsen og Hólmfríði Sigurðardóttur, Fornhólum, þar sem þau sækja um að byggja einbýlishús úr timbri á steinsteyptum kjallara, á leigulóð úr landi Fornhóla, Þingeyjarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Verkfræðiskrifstofu Norðurlands.

Önnur fylgiskjöl eru; lóðarleigusamningur, samþykki frá Sveitastjórn Þingeyjarsveitar fyrir framkvæmdum, umsögn frá Veðurstofu Íslands vegna snjóflóðamats og staðfesting frá Skipulagsstofnun Ríkisins.

Samþykkt.

3. Erindi frá Laufás- og Grenivíkursókn, sem sækir um að byggja safnaðarheimili úr steinsteypu, við suðurhluta bifreiðaplans Grenivíkurkirkju, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Arkitekta- og Verkfræðistofu Hauks. Sveitastjórn Grýtubakkahrepps hefur látið fara fram grendarkynningu, vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þar sem engar athugasemdir bárust. Einnig fylgir erindinu umsögn slökkviliðsstjóra, vinnueftirlits og heilbrigðiseftirlits.

Byggingarnefnd samþykkir erindið og tekur jafnframt undir tilmæli slökkviliðsstjóra, að æskilegt væri að setja upp brunaviðvörðunakerfi í safnaðarheimili og kirkju.

4. Erindi frá Auðun Benediktssyni, Þórunnarstræti 85, 600 Akureyri, sem sækir um að byggja einbýlishús úr steinsteypu á eignarlóð sinni úr landi Meyjarhóls, Svalbarðsstrandarhreppi. Meðfylgjandi teikningar eru frá Arkitektastofunni Form Akureyri. Erindi fylgir umsögn frá Skipulagsstofnun Ríkisins.

Samþykkt.

5. Umsókn frá Maríu Þórdísi Sigurðardóttur, Dvergholti 12, 270 Mosfellsbæ, sem sækir um að reisa 5 fermetra geymsluskúr úr timbri á sumarhúsaloð sinni í landi Höskuldsstaða, Eyjafjarðarsveit. Fylgiskjöl eru aftöðumynd og teikning af skúr.

Samþykkt.

6. Reynir Björgvinsson, Bringu, Eyjafjarðarsveit, sækir um að byggja geldneytafjós og mjólkurhús, úr steinsteypu, við núverandi fjósbyggingu samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Magnús Sigsteinsson, Byggingaþjónustu Bændasamtaka Íslands. Umsókn fylgir samþykki Sveitastjórnar Eyjafjarðarsveitar.

Byggingarnefnd samþykkir erindið, en ítrekar kröfur eldvarnareftilits um að brunaþol burðarvirkja skuli koma fram á aðaluppdráttum.

7. Tekið fyrir að nýju erindi frá Ólafi A Thorlacius Öxnafeili Eyjafjarðarsveit, sem sækir um að byggja legubásafjós og mjólkurhús, samkvæmt meðfylgjandi leiðréttum teikningum eftir Magnús Sigsteinsson, Byggingaþjónustu Bændasamtaka Íslands.

Byggingarnefnd samþykkir erindið, en ítrekar kröfur eldvarnareftilits um að brunaþol burðarvirkja skuli koma fram á aðaluppdráttum.

8. Norðurorka hf, Rangárvöllum Akureyri, sækir um leyfi til að byggja loftskiljutank og tengihús, í tengslum við borholuhús, byggt úr stáli og frauðeiningum, á lóð úr landi Arnarnesshrepp ofan Hjalteyrar, merkt með hornpunktum L5 – L9, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Verkfræðiskrifstofu Norðurlands. Erindi fylgir lóðarleigusamningur.

Erindi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. .15.00

Hreiðar Hreiðarsson
Sigurður Skúlason

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson

Jónas Baldursson
Þróstur Sigurðsson